

Ágætu foreldrar og starfsfólk í Foldaskóla, Hamraskóla og Húsaskóla

Stýrihópur um breytingu á Foldaskóla í heildstæðan safnskóla á unglíngastigi og flutning nemenda í 8. – 10. bekk úr Hamraskóla og Húsaskóla hélt sjötta fund sinn í Hamraskóla 21. nóvember.

Á þessum fundi var rætt um verkefni í verk- og tímaáætlun hópsins og þeim endanlega raðað í forgangsröð.

Eins og áður hefur komið fram skiptist hún í þrjá hluta:

- verkefni sem nauðsynlegt er að vinna strax, sum eru þegar farin af stað
- verkefni sem þarf að vinna strax eftir áramót og fram á vor og
- verkefni sem verður að vinna fyrir næsta haust.

Til stóð að setja áætlunina á netið eftir síðasta fund en ákveðið að bíða með það þar til eftir kynningar- og umræðufundi með starfsmönnum og foreldrum.

Ákveðið var að halda þá fundi 13. desember.

Fundur með starfsmönnum verður 13. desember kl 15:00 í Foldaskóla

Fundur með foreldrum verður 13. desember kl 20:00 í Foldaskóla

Á þessum fundum verður starf hópsins kynnt ásamt verk- og tímaáætluninni og síðan opnað fyrir umræður.

Rætt var um mikilvægi þess að vandað yrði til verka við niðurröðun í bekk þegar nemendur kæmu í Foldaskóla

Einnig urðu miklar umræður um framtíð einhverfudeildarinnar í Hamraskóla og mikilvægi þess að hafa samráð við starfsfólk og foreldra barnanna. Einnig að ef ætti að gera breytingar á deildinni yrði að gefa langan aðlögunartíma til þess.

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar m.a. fundargerðir hópsins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá sviðsstjóra (fræðslustjóra) og mun starfa til 15. júní 2012.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir